

Mál nr. 292/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Sjúklingatrygging og starfsábyrgðartrygging læknis.

Nafn vátryggðs (X)

Gildissvið laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Skaðabótaábyrgð.

Gögn.

1. Málskot móttengið 7. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. ágúst 2024.
3. Viðbótarathugasemdir lögmanns M með bréfi dags. 9. september 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V með bréfi dags. 11. september 2024, ásamt sjúkraskrá og lyfseðlaskrá.
5. Viðbótarathugasemdir lögmanns M við viðbótarathugasemdir V og ný gögn með bréfi dags. 2. október 2024 ásamt fylgiseðli lyfsins Seretide.
6. Tölvupóstur V dags. 10. október 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins keur fram að foreldrar M hittu X sem barnalækni hinn 17. desember 2021 vegna veikinda M sem fólust í háum hita og hósta. Í svokallaðri stofunótu X þann dag segir: „Kemur í fylgd foreldra, kvef, hósti og urg og surg í lungum í nokkrar vikur, stundum með hita. Hósti meiri á nóttu og þegar hún hamast eða hlær, ekki saga um ofnæmi, exem eða asma í fj. Nú verið með gröftr og samanlímd augnlok í 10 daga og roða. Hafa áhyggjur af eyrum.“ Í málskoti kemur fram að X hafi ekki framkvæmt nánari skoðun á lungum M en hafi komist að þeirri niðurstöðu að hún væri með hósta og veirusýkingu og ráðlagt M að taka verkjalyf. Hinn 30. desember 2021 flaug M til Póllands ásamt foreldrum sínum og var þá enn veik og lögð inn á sjúkrahús 1. janúar 2022. Þar var M greind með lungna- og brjósthimnubólgu og ígerð í vinstra lunga. M hlaut meðferð á sjúkrahúsi í Póllandi og var þar í 36 daga og í málskoti kemur fram að M glími enn við afleiðingar veikinda sinna, bæði hafi ör á lungum þau áhrif að M andi mjög grunnt. Ónæmiskerfi hennar sé mjög veikburða og sálrænar afleiðingar af veikindunum séu fyrir hendi.

M telur að réttur til greiðslu bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V sé fyrir hendi og telur að öllum líkindum hefði mátt komast hjá tjóni M hefði rannsókn og meðferð X við fyrirliggjandi aðstæður verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði, sbr. 1.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Þannig vísar M til lögskýringargagna með umræddum lögum og að það dugi fyrir tjónþola að sýna fram á að líklegra sé að tjón stafi af rannsókn eða meðferð en öðrum orsökum. M telur að viðbrögð X hafi verið röng og að þar sem lungnahlustun hafi falið í sér urg og surg í lungum hafi verið ástæða til að frekari rannsókn færi fram og röng sjúkdómsgreining af hálfu X að hafa talið að um kvef og veirusýkingu hafi verið að ræða hjá M hinn 17. desember 2021. Þannig hafi M orðið af meðferð sem hefði verið hægt að beita fyrr. M krefst einnig bóta úr starfsábyrgðartryggingu X og vísar til þess að háttsemi X hafi verið saknæm þegar hann hafi ranglega greint M með kvef og veirusýkingu í stað lungnabólgu. M vísar til þess að strangt sakarmat gildi um X sem lækni og að beiting sönnunarreglna sé þannig vegna reglna um sérfræðiábyrgð að sönnunarbyrði hvíli á X um að háttsemi hans hafi ekki valdið tjóni.

V vísar í fyrsta lagi til þess að krafa um bætur úr starfsábyrgðartryggingu komi ekki til skoðunar nema M hafi ekki fengið tjón sitt að fullu bætt úr sjúklingatryggingu skv. 7. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Hvað varðar bótakröfu í sjúklingatryggingu X hjá V telur V ekki sannað að sjúkdómsgreining X hafi verið röng í læknisheimsókn M til X hin 17. desember 2021. V vísar til þess að veirusýkingar séu algengar hjá ungum börnum og hafi X skrifað lyfseðil fyrir astmalyfinu Seretide, en það lyf auðveldi sjúklingum innöndun og dragi úr bólgu í öndunarvegi. V telur að sýnt hafi verið fram á að M hafi verið með veirusýkingu sem hafi síðar þróast í lungnabólgu seinna. V bendir á að M hafi einungis komið einu sinni til X og hafi flogið veik til Póllands um hálfum mánuði seinna og þá hafi veikindi M versnað til muna m.v. upplýsingar úr sjúkragögnum. V telur löglíkur á að

orsakatengsl séu milli versnunar einkenna M og flugferðarinnar og engin gögn hafi verið lögð fram sem renna stoðum undir það að X hafi ranglega sjúkdómsgreint M hinn 17. desember 2021.

Í viðbótarathugasemddum M kemur fram að M hverfi frá kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X. Einnig bendir M á að ráðleggingar X hafi verið að M tæki verkjalyf og ósannað sé að X hafi skrifað út astmalyf fyrir M. Einnig mótmælir M því að löglíkur séu fyrir orsakatengslum milli flugferðar og lungnabólgu M.

Í viðbótarathugasemddum V kemur fram X hafi ekki ráðlagt töku verkjalyfja og fái fullyrðingar um að slík lyf hafi verið skrifuð út til M ekki stoð í gögnum málsins. Einnig er vísað til sjúkraskrár M þar sem komi fram upplýsingar um þau lyf sem X skrifaði út fyrir M hinn 17. desember 2021 og með hliðsjón af lyfseðlaskrá M komi fram að lyfið Seretide hafi verið leyst út samdægurs. V bendir á að ekki hafi verið haft samband við X vegna frekari meðferðar eftir þessa einu heimsókn sem var hinn 17. desember 2021 til X og hafi X því ekki geta aðhafst frekar. Þar að auki hafi ekki verið fengið álit læknis áður en ákveðið hafi verið að fljúga erlendis með M, sem þá hafi enn verið veik.

Í viðbótarathugasemddum M við viðbótarathugasemdir V kemur fram að ávísun X á lyfinu Seretide breyti engu um röksemdir fyrir því að X hafi framkvæmt ófullnægjandi rannsókn vegna einkenna M hinn 17. desember 2021 og sú ávísun lyfsins hafi auk þess verið óforsvaranleg meðferð við fyrirliggjandi aðstæður og að líkur standi til þess að notkun M á lyfinu sé meðorsök tjóns hennar. Bent er á að Seretide sé ætlað að meðhöndla langvarandi öndunarfærasjúkdóma eins og t.d. astma en ekki ætlað til meðferðar á bráðum sjúkdómum eða sýkingum í öndunarfærum, eins og lungnabólgu þar sem sýklalyf séu notuð til meðferðar. Vísað er til upplýsinga í fylgiseðli lyfsins Seretide um að lyfið geti verið skaðlegt einstaklingum sem glíma t.d. við lungnabólgu og aðrar sýkingar í öndunarfærum þar sem það innihaldi virka efnið flútikasón sem sé bakteríu. Þeir veikji ónæmiskerfið og dragi þannig úr getu þess til að bregðast við sýkingum. Auk þess sé lyfið ekki ætlað börnum yngri en fjögurra ára. Þannig er ítrekað að ávísun lyfsins Seretide af hálfu X við einkennum M sem hafi skýrlega bent til sýkingar sem krefðist sýklalyfjameðferðar hafi verið í hróplegu ósamræmi við viðurkenna læknisfræðilega þekkingu og staðla og þannig sé yfir hendi bótaskylda skv. 1.tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu. Einnig er bent á að ef ekki sé sannað að M hafi verið með lungnabólgu fyrir heimsókn sína til X þá hafi notkun lyfsins Seretide orsakað lungnabólgu hennar. Upplýsingar á fylgiseðli lyfsins sýni að lungnabólga sé algeng aukaverkun lyfsins og í ljósi ungs aldurs M hafi hún verið viðkvæmari fyrir aukaverkunum lyfsins en einstaklingar með þroskaðra ónæmiskerfi.

Í viðbótarathugasemddum V við viðbótarathugasemddum M kemur fram að V ítreki að ekki sé sannað að M hafi verið með lungnabólgu hinn 17. desember 2021.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem uppfylli skilyrði 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 og bótaábyrgð X á grundvelli þeirra laga.

Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Í athugasemddum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 111/2000 segir m.a. svo um umræddan tölulið: „Ákvæði þessa töluliðar tekur til allra mistaka sem verða við rannsókn, meðferð o.s.frv. Orðið mistök er hér notað í mun viðtækari merkingu en almennt tíðkast í lögfræði. Ekki skiptir máli hvernig mistökin eru.“ Orðalag 2. gr. laganna „að öllum líkindum“ vísar til þess að slakað er á hefðbundnum sönnunarkröfum í skaðabótarétti, sjúklingi í hag.

Þegar gögn málsins eru virt er aðalágreiningur málsins sá hvort meðferð M hjá X hafi að öllum líkindum verið þannig að komast hefði mátt hjá tjóni með frekari rannsóknum vegna þeirra einkenna sem M var með við læknisheimsókn til X hinn 17. desember 2021. Í frekari málatilbúnaði M er síðan einnig vísað til þess að ávísun lyfsins Seretide hafi orsakað lungnabólgu M sem greind var hinn 1. janúar 2022 á sjúkrahúsi í Póllandi.

Engin gögn liggja fyrir í málinu um læknisfræðilegt mat á því hvort þau einkenni sem X lýsti í stofunótu sinni vegna læknisheimsóknar hinn 17. desember 2021 hafi verið þannig að frekari rannsókn hefði verið nauðsynlegt eða hvort þau einkenni samsvari einkennum lungnabólgu. Það er

læknisfræðilegt mat sem nefndin getur ekki framkvæmt. Þannig verður, þrátt fyrir að slakað sé á hefðbundnum sönnunarkröfum, sjúklingi í hag í skilyrðum 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000, að líta svo á að frekara læknisfræðilegt mat á því hvað hefði verið rétt greining einkenna M hinn 17. desember 2021 verði að liggja fyrir til að hægt sé að fallast á að skilyrði 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu sé uppfyllt. Slík gögn liggja ekki fyrir og verður M að bera hallann af sönnunarskorti um það. Sama gildir um sönnun orsakatengsla milli notkunar lyfsins Seretide og þess að M fékk lungnabólgu. M á því ekki, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr sjúklingatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir